





Fjölbreytni Fagmennska Virðing
VÉLSTJÓRNARBRAUT VMA

Velkomin á vélstjórnarbraut Verkmenntaskólans á Akureyri

VMA er:

 Eini skólinn utan Reykjavíkur
sem býður upp á vél-
stjórnarnám til D réttinda

 Í miklum samskiptum við
atvinnulífið

 Framsækinn skóli

Vélstjóri

Vélstjórar starfa bæði á sjó og í landi og sinna þar fjölbreyttum störfum.

Kröfur til menntunar vélstjóra og vélfræðinga á sjó eru bundnar í lög.


Vélstjórnarmenntun er blanda af tækni- og verknámi og spannar mjög breitt svið. Vélstjórar og vélfræðingar hafa þekkingu á vélfræði, rafvirkjun, kælitækni, stýri- og reglunartækni og fleiru. Vegna breiðrar menntunar sinnar og víðtækrar þekkingar eru þeir víða eftirsóttir starfskraftar. Oftast vinna þeir við vélgæslu og eftirlit í verksmiðjum, iðnfyrirtækjum eða orkuverum en einnig við stjórnun og rekstur fyrirtækja.

Vélfræðingur

Vélfræðingar eru þeir sem lokið hafa D stigi vélstjórnar og eru með sveinspróf í viðurkenndri málmiðngrein. Vélfræðingur hefur afar góða atvinnumöguleika og góða möguleika á framhaldsmenntun. Vélfræðingar starfa m.a. á skipum, í orkuverum og þar sem gerðar eru kröfur um víðtæka þekkingu á vélum og tæknibúnaði.

Vélvirki

Vélvirkjar vinna einkum við uppsetningu, viðhald, viðgerðir og þjónustu véla og tæknibúnaðar skipa, vinnslustöðva, vinnuvéla, verksmiðja, orkuvera og orkuveitna



Kennarar og stjórnendur vélstjórnarbrautar



Gunnar Möller
Brautarstjóri
Vélfræði og
rafmagnsfræði



Vilhjálmur Kristjánsson
Vélstjórn, véltækni,
reglunartækni og
rafmagnsfræði



Jóhann Björgvinsson
Vélstjórn, véltækni,



Elías Þorsteinsson
Vélstjórn, kælitækni og
teikning



Ævar Ragnarsson
Stýri- og vökvatækni



Ingimar Árnasson
Vélfræði og véltækni



Baldvin B. Ringsted
Sviðstjóri verknáms og
fjarnáms

Námsframvinda í vélstjórn við VMA

GMT		B<1500kW / Vélvirki				C< 3000 kW			D>3000 kW
1.önn	2.önn	3.önn	4.önn	5.önn	6.önn	7.önn	8.önn	9.önn	10.önn
ENS102/103	ENS202/203	DAN102	STÝ102	(ENS212)	HÖS202	EFN203	BÓK103	HAG103	KÆL402
ÍþR102/112	ÍSL102	EDL103	EFN103	HBF111	ITM113	ENS303	BUR102	KÆL302	LVV103
LKN102	LKN201	EFM102	ÍSL202	HSU202	KÆL202	ÍSL212	EÐL213	RAT253	RAF564
GRT103	HSU102	GRT203	RAF353	HÖS102	RAF453	RAF464	ENS423	RAF554	RAT352
LSU102	RAF103	RAF253	STÆ203	KÆL122	STI103	VFR313	ÍSL303	STI203	VID103
SKY101	SMÍ204	RSU102	UMH102	STÆ303	SMÍ315	VTÆ122	RÖK202	STÆ503	VFR513
SMÍ104	STÆ122	VFR113	VFR213	RAT102	VST312	VÖK102	STÆ403	VFR412	VTÆ212
STÆ102	VST204	VST304	VIR104	RÖK102	VTÆ102			VTÆ202	
VST103				SJR102					
				VIÐ102					
				VST403					
21 – 22 EIN	20-21 EIN	22 EIN	22 EIN	21(23) EIN	22 EIN	19 EIN	19 EIN	22 EIN	19 EIN

Grunndeild málm- og véltæknigreina (GMT)

Í VMA innritast nýnemar, sem koma beint úr grunnskóla eða eftir stuttan framhaldsskólaferil, í sameiginlega grunndeild málm- og véltæknigreina í tvær annir áður en þeir velja málmíðgreinar, bifvélaþróun eða vélstjórnarnám.

Vélstjórnarbraut A: Minna en 750kW réttindi VVA

Markmið brautarinnar er að mennta þá sem hyggjast afla sér réttinda til starfa á skipum með vélafl minna en 750 kW **og ætla ekki í frekara vélstjórnarnám**. Réttindin fást að fullnægðum skilyrðum um siglingatíma og starfsþjálfun.

Vélstjórnarbraut B: 1500kW réttindi VVB - Vélþróun

126 ein.

Markmið brautarinnar er að veita þeim nemendum sem ljúka námi réttindi til að gegna stöðu yfirvélstjóra og 1. vélstjóra á skipum með vélafl 1500kW eða minna og undirvélstjóra á skipum með 3000kW vélafl og minna. Réttindin fást að fullnægðum skilyrðum um siglingatíma og starfsþjálfun. Nemandi sem kemur beint úr grunnskóla og skráir sig til að minnsta kosti 1500kW réttinda öðlast 750kW réttindi eftir fjórar annir miðað við eðlilega námsframvindu.

Vélstjórnarbraut C: 3000kW réttindi VVC

188 ein.

Markmið brautarinnar er að veita þeim nemendum sem ljúka námi réttindi til að gegna stöðu yfirvélstjóra og 1. vélstjóra á skipum með vélafl minna en 3000 kW. Réttindin fást að fullnægðum skilyrðum um siglingatíma og starfsþjálfun.

Vélstjórnarbraut D: Ótakmörkuð réttindi VVD

208 ein.

Markmið brautarinnar er að veita þeim nemendum sem ljúka námi ótakmörkuð vélstjórnarréttindi. Réttindin fást að fullnægðum skilyrðum um siglingatíma og starfsþjálfun.

Stúdentspróf

Vélstjórn D gildir einnig sem stúdentspróf, sem gefur nemanda kost á að fara beint í frekara nám og er sérlega góður grunnur, til dæmis fyrir tækni- og verkfræði á véla-, rafmagns- og orkusviði.